

Skýrsla um skógræktina á Hallormestað undanmi 1935.

Skógurinn: Höggvið var á eftirtöldum skógarteigum. Talið í hestburðum, er það á hverjum teig sem hér segir: Hríf. Efniv.

| | | | |
|----------------------|--|---------------------|--------------|
| Á No. 2. | Vörðuhrauni | 117.00 | 1.70 |
| - - 3. | Svæðinu milli Atlavíkuri, og Kerlingarár | 147.00 | 14.50 |
| - - 4. | Svæðinu milli Kerlingarár og Stadarár | 170.00 | 16.40 |
| - - 5. | Hólunum | 360.00 | 12.00 |
| - - 7. | Lýsishólnum | 140.00 | 12.00 |
| - - 8. | Partinum | 119.00 | |
| <u>Ársvöxturinn:</u> | | <u>Samt: 979.00</u> | <u>46.60</u> |

Sumarið byrjaði vel. Maímánudur fram til þ. 20. var hlýinda tíð, en upp úr því brá til kulda og héldust þeir til 15. júní. Þá fór að batna og frá 20 júní og fram í miðjan júlí var hlýtt og sólfar mikið, og fór gróori þá vel fram. Upp frá því var sumarið fremur kalt og úrfelli talsverð. Þess hefði mátt vænta að ársvöxtur hefði verið góður, en það fór öðruvísi, því maðkurinn var enn í algleymingi.

Maðkurinn: Hans varð vart rétt eftir að skógurinn laufgaðist, en virtist í rénum um miðjan júní. Upp úr 20. júní komu mjög heitir dagar hér, braust þá maðkurinn þá út með svo miklum ákafa að stór svæði urðu lauflaus með öllu, og sýndust dökk tilsýndar sem á vetrardeg. Á tveim dögum breyttist svo útlit skógarins að undrun sætti. Skógurinn fór ekki að rétta við fyr en seint í júlí. Um 20 ágúst var skógurinn búinn að ná sér þannig að hann var orðinn grænn í annað sinn.

Haustið var fremur milt og fyrstu frostin voru væg. Skógurinn fékk lengri tíma til að þroska árssprotana, en verið hefði ef frostin hefðu komið fyr.

Tvenn gróðrartímabili kafa verið á þessu sumri. Hið fyrra var frá 26 maí-20 júní. 26 maí varð skógurinn algrænn eða allaufgaður. Hið síðara má telja frá 20 júlí til septemberloka = 80 daga. Hefði enginn maðkur verið í skóginum mátti telja vaxtartímabilið 130-135 daga. Af völdum maðksins styttist það um 50-55 daga. Afleiðingarnar koma þannig í ljós að enginn lengdarvöxtur er á árinu og engir fræflar vaxa. Hinna stutti vaxtartími fer til þess að þroska brúmin.

Þetta er þriðja sumar maðksins hér í skóginum. Eftir undanfarinni reynslu mátti ætla að maðkurinn verði horfinn næsta sumar. Árin 1915-1917 var mikil árás, en 1918 var hann því nær horfinn. Árásin undan-

farin sumur 1933-1934 og 1935 er þó stórfeldari, einkum s.l. sumar.

Frævöxtur var enginn sem vænta mátti. Það eru heldur engar líkur til þess að fræ spretti næsta sumar.

Girðingin: Stærri endurbætur á girðingunni voru ekki gerðar, aðeins gert við bilanir, þær voru sem venja er talsverðar. Nokkrir staurar voru endurnýjaðir. Þó má telja til endurbóta að hjá Hafursá þar sem girðingin liggur út í fljótið var steypdur sver stólpi.

Græðireiturnir: Sáb var í græðireitnum.

1. Lauftrjám:

| | | |
|--|-----|-------|
| Birki úr Öræfum | ca. | 6 kg. |
| Reynifræ úr Hallormsstaðaskógi og Ranaskógi og frá Suðurlandi | | 5 - |
| samtals af þurrum berjum og Sibirisku baunatré Ask frá Ameríku. Frositvas ammiana. | | |

2. Barrtrjám:

Blágreini, *Picea pungens*
Hvítgreini, *Picea alba*
Raubgreini, *Thuja plicata*.

Útgrætt var: (prikað)

| | | | |
|-------------------|--------------|------------|---|
| Birki | 5.400 stk. | 2/o | Fræ úr Bæjarstaðaskógi. |
| Reynir | 4.000 - | 1/o | Fræ úr Öræfum, Ranaskógi og Hallormsstað. |
| Skógarfura | 3.900 - | 2/o | Fræ frá Svíþjóð. |
| Bergfelli | 2.800 - | 2/o | Fræ frá Arkangelak. |
| <u>Hvítgreini</u> | <u>360 -</u> | <u>2/o</u> | <u>Fræ frá Ameríku.</u> |
| Samt: | 15.460 - | | |

Selt var úr græðireitnum:

| | | |
|-------------|--------------|-----|
| Birki | 5.012 stk. | 2/2 |
| Reynir | 774 - | 2/2 |
| Víðir | 71 - | |
| Barrfelli | 79 - | 2/o |
| Fura | 27 - | |
| Greni | 35 - | |
| <u>Ribs</u> | <u>208 -</u> | |
| Samtals: | 6.206 stk. | |

Selt úr skóginum 135 -

Alls seldar: 6.341 stk.

Vöxturinn í græðireitnum var nokkuð lakari en undanfarin tvö sumur 1933 og 1934, því sumarið var kaldara, einkum seinni partur-

inn. Það mun þó óhætt að segja þetta hafi verið meðalár fyrir plönturnar. Á birkiplöntunum í fræðunum bar á rypsveppi, en hann var kafbúur með Monark no. 30 frá Rofod Johnsen í Kaupmannahöfn.

Hirðing græðireitsins tók allmikla vinnu. Til þess að útrýma illgresinu á aðalgangstígnum notaði ég potíumklorat frá Berlí í Bengu og reyndist það mjög vel. eftir eina íbleytu á göngunum sást ekki illgresi. Saltið er ódýrt og sðarar talsverða vinnu.

v Stækkun græðireitsins: Byrjað var að vinna að stækkun reitsins. (skógurinn höggvin upp og ræturnar rifnar uæp.) Austan við reitinn á oa. 0.1 ha var höggvin upp skógurinn og ræturnar grafnar upp og voru hestar notaðir til þess. Skilið var eftir milli gamla og nýja reitsins 4, metra breitt skógarbelti til skjóls. Einnig var rutt úr gamla reitnum barrtrjám, aðallega fjallafuru til þess að nota hann betur. Við stækkun þessa mun mega auka plöntuframlæislu um 15-17 þús. plöntur.

Byggingar: Fjósið var sléttað utan. Sementshúðin var farin af því á stórum stykkjum. Einnig var dregið upp á heyhleðuna sem byggð var í fyrra.

Á Burlungsvöllum voru veggirnir á íbúðarhúsinu klæddir með bárujárni og settar skúr fyrir útidyr. Nýir gluggar voru einnig settir í það, því hinir gömlu gluggar úr Vallaneskirkju sem notaðir voru þegar húsið var byggt 1932 reyndust alveg óviðunnandi. (kostnaður við þetta varð um kr. 500.00) Sumt af herbergjum var málað. Nokkuð er eftir að mála og verður það að bíða betri tíma.

Hallormsstað

Guttormur Pálsson.